



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 1. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Miðvikudag. 28.05.2010 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
- Boðuð forföll:**
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., stjórn skiptir með sér verkum, reglur sem vísað var til stjórnar, Norræni fundurinn, sumarið, önnur mál

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Stjórn skiptir með sér verkum

ÞI kom með tillögu að ÞMP héldi áfram sem varaformaður og VG sem gjaldkeri. Hann stakk einnig uppá að GS yrði ritari og ÓK fundarritari og komu ekki aðrar tillögur og var þetta samþykkt. ÞI mun sjá um að uppfæra Felix kerfið með nýrri stjórnarskipan.

3. Reglur frá þingis sem vísað var til stjórnar.

ÞI var búinn að senda út tillögur þær sem stjórn þyrfti að útfæra. Fyrst var tillaga að frestunum og var hún samþykkt. Næst var tillaga um Íslandsmót félaga. GS kvað vankvæði á tillögunni og hún væri ekki eins og hún var á formannafundi. Honum var bent á að það sem lægi fyrir væri samþykki þings. Nokkrar umræður voru um tillöguna og aðallega um það að það væri búið að útiloka þau félög sem hefðu kannski bara eina eða tvær sterkar konur. Honum var bent á að þetta hefði komið fram á þinginu. GS var falið að leita til kvenna sem sátu þingið og koma með breytingu þar sem félagi sem tilkynnti aðeins eitt lið væri heimilt að vera með blönduð lið. Með þessu væri reyndar að breyta mótinu þannig að aðeins væri keppt um einn titil, en ekki karla og kvenna.

4. Norræni fundurinn

ÞI fór yfir undirbúning og dagskrá norræna fundarins sem haldinn verður um næstu helgi (5. Júní), en þar koma ÞI og ÞMP til með að vera fulltrúar Íslands.

5. Sumarið.

ÞI spurði fundarmenn um hversu oft þeir teldu að fundir þyrftu að vera yfir sumarmánuðina og voru menn sammála að funda ef á þyrfti að halda og reyna þá að halda þá á miðvikudögum. Næsti fundur á dagskrá yrði væntanlega seinni hluta júlí þegar nær dregur að gefa út mótaskrá. ÞI lagði til að starfsmaðurinn yrði fenginn til að vinna inni júní við frágang á reglum, yfirfara þátttökutilkynningar og vinna við dagatal..

6. Önnur mál.

ÞI mun hafa samband við mótanefnd til að athuga hvernig þeir hafa hugsað sér vinnu við mótaskrána.

Fundi slitið 18:45 – næsti fundur óákveðinn og verður boðaður af ÞI.